

Nd.

335. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögnum.

Nefndin var á því máli, að ákvæðin um viðhald á vegum ætti nú eigi lengur við og þyrfti að gera nýja skipun á. Ýmsar skoðanir komu fram í nefndinni um það, hversu haga mætti viðhaldinu:

I. Órjettlætt er að þeir landshlutar beri jafnan vegakostnað sem aðrir, er engra vega njóta. Það yrði því rangt að láta landssjóð halda vegunum við að öllu leyti. Á hitt er að líta, að akfærir vegir eru nálega alstaðar einhversverð samgöngubót og á ýmsum stöðum mikilsverð, því er rjett, að þau hjeruð gjaldi nokkuð fyrir, er slíkra vega njóta. Væri því hentast að landssjóður annaðist einn allar póstleiðir, þar sem ekki eru nema reiðgötur, en hjeruðin gjaldi vegartoll í landssjóð, þar sem akvegir eru, og haldi landssjóður síðan vegunum við. Vegartoll þenna yrði að ákveða eftir ástæðum, hæstan þar sem akvegurinn er mest hjeruðsvegur, (t. d. brautin frá Haugum að Kláffossi í Borgarfirði) en minst almenn umferð um, lægstan þar sem akvegurinn er þjóðvegur og póstleið. Ætti þá að skifta vegunum í tvo flokka, reiðvegi á póstleið og akvegi. Aðrir vegir væri landssjóði óviðkomandi, og ljeti vegalögin reiðgötur í hreppum og sýslum afskiftalausar, þar sem ekki eru póstleiðir. Hins vegar er ástæðulaust að gera mun á póstum og aukapóstum og þeirra leiðum.

II. Hjeruð ætti að kosta nýja vegi á móts við landssjóð, t. d. að hálfu, en síðan ætti landssjóður að halda þeim við. Telja þeir, sem þessu fylgja, það unnið, að hjeruð muni ekki krefja dýrra vega, nema þar sem nauðsyn er á.

III. Landssjóður skal gera vegina, en til viðhalds skulu þeir flokkaðir í þrent og hvíli viðhaldið bæði á landssjóði og á hjeruðunum. Viðhaldsskyldu hjeruðanna skal ákveða eftir því, hversu almenn eða einstakleg afnotin eru, svipað því, sem segir í I.

Þessara ýmsu skoðana er hjer getið til leiðbeiningar.

En hverja af þessum stefnum, sem menn vildu aðhyllast, þá verður sýslum þörf á vegafjárum, og telur nefndin rjett, að löggjöfin leiti gjaldstofna handa þeim, til þess að standast þenna kostnað. Væri ef til vill ástæða til að rannsaka, hvernig sýslusjóðir geti fengið tekjur með öruggum og þó sanngjörnum hætti. Nefndin telur því annan lið tillögunnar rjettan.

En auk þess, er nú var nefnt, telur nefndin nauðsyn á að rannsaka vegagerðina sjálfa. Þykir henni því rjett að láta landsverkfræðinginn gera skýrslu um dýrleika og haldgæði vega með ýmsum gerðum, svo að þingið geti fengið glögt yfirlit yfir hlutfallið milli dýrleika vega á aðra hlið og hagnýting þeirra og haldgæða á hina. Þess vegna vill hún bæta þriðja lið við á tillögunna, þar sem þetta felst í.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin ber fram í sjerstöku þingskjali. (332).

Alþingi 12. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, Bjarni Jónsson frá Vogu, Jóhann Eyjólfsson. Pjetur Jónsson.
formaður. skrifari.

Sveinn Björnsson. Sigurður Sigurðsson. Jón Jónsson.